



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 17. febrúar 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, 250. mál, og frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, með síðari breytingum, 251. mál.

Frumvörpin eru keimlík þ.e. í þeim báðum er kveðið á um fækkun sýslumannsumdæma og fækkun lögregluumdæma en í því síðarnefnda er einnig kveðið á um aðskilnað embætta lögreglustjóra og sýslumanna.

Ekki er gerð athugasemd við aðskilnað embættanna en alfarið er lagst gegn stækkun umdæma þar sem lítið kemur fram í frumvörpunum um nánari útfærslu annað en að á um slíkt skuli kveðið í reglugerð. Reglugerðin er því það sem máli skiptir en drög að henni fylgja ekki með og því illmögulegt að gera sér grein fyrir hvað boðuð breyting þýðir í raun.

Á fundi á Akureyri 14. febrúar s.l. kynnti innanríkisráðherra forsendur frumvarpanna og eru þær helstar bættar samgöngur og byggðapróun auk þess sem gert er ráð fyrir aukinni rafrænni stjórnarsýslu. Í því ljósi er rétt að taka fram að enn skortir á greiðar samgöngur milli einstakra byggða innan núverandi umdæma yfir vetrartímann og ekki verður séð að það breytist þó að umdæmið stækki. Einnig skortir verulega á að tryggt netsamband sé í hinum dreifðari byggðum landsins.

Virðingarfyllst,

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.